



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum áranna 2015 - 2017

**2017**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu sex mánuðum áráanna 2015, 2016 og 2017. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum áráanna 2015, 2016 og 2017.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 11,3% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 miðað sama tímabil árið á undan. Hins vegar er fjölgunin 17,7% ef miðað er við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Fjöldi tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 var 5.114 tilkynningar, en 4.596 á sama tímabili árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 um 14,7%, en á landsbyggðinni fjölgaði tilkynningum um 3,7% ef miðað er við sama tímabil árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 voru vegna vanrækslu eða 39,1% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrir sama tímabil árið 2016 vegna vanrækslu var 40,3% og 38,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 25,6% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, 27,8% fyrir sama tímabil árið undan og 26,5% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 34,5% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, 31,2% fyrir sama tímabil árið á undan og 34,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu hefur hækkað úr 0,6% í 0,9% á tímabilinu.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 10,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, 10,3% fyrir sama tímabil árið á undan og 11,8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,7% á fyrstu sex mánuðum árinu 2017, 8% á sama tímabili árið á undan og 7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 43,2% tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, hlutfallið var 41,4% á sama tímabili árið á undan og 41,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 var 4.011 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 3.823 börn og 3.597 börn á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 úr 68 umsóknum í 76 umsóknir. Umsóknir voru 69 á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Umsóknir um Stuðla voru 18 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 og fjölgaði miðað við sama tímabil árin á undan. Umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland, Lækjarbakka og Háholt) voru 12 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 og er svipaður fjöldi og árin á undan. Umsóknum um MST fjölgaði úr 41 í 46 umsóknir á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 44 fyrir sama tímabil á árinu 2015. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustuvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur á fyrstu sex mánuðum árána 2016 og 2017, en fleiri umsóknir fyrir stúlkur á sama tímabili ári 2015.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 úr 74 beiðnum í 84 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 70 á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði en beiðnum um varanlegt fóstur og styrkt fóstur fækkaði. Beiðnum frá Reykjavík fjölgaði miðað við árið á undan og er fjöldinn svipaður og fyrir sama tímabil á árinu 2015. Beiðnum frá nágrenni Reykjavíkur fækkaði lítillega miðað við árið á undan en beiðnum frá landsbyggðinni fjölgaði áfram. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi en stúlkur.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fjölgaði úr 111 á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í 124 fyrir sama tímabil á árinu 2017, en þau voru 136 á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Skýrslutökur fyrir dómi voru 50 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, en 55 fyrir sama tímabil á árinu 2016 og 71 á sama tímabili á árinu 2015. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á árinu 2016 miðað við árið á undan úr 47 í 25, en þær voru 28 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 56 á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í 74 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, en þau voru 65 á sama tímabili á árinu 2015. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 var 66 sem er svipaður fjöldi og fyrir sama tímabil á árinu 2015, en þau voru 71 á fyrstu sex mánuðum ársins 2016. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðla fjölgaði úr 99 í 118 á fyrstu sex mánuðum ársin 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardögum á grundvelli 25. gr og 31. gr. barnaverndarlaga fjölgaði einnig úr 543 dögum í 723 daga, en vistunardagar á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 voru 562. Alls komu 58 börn á lokaða deild Stuðla á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, sem er sami fjöldi og árið á undan, en þau voru 50 fyrir sama tímabil á árinu 2015.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði, voru 27 á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 og 2017, en 34 á fyrstu sex mánuðum ársins 2016.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
<b>Barnaverndarnefnd</b>						
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.998	46,0	2.016	43,9	2.309	45,2
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	20	0,5	20	0,4	26	0,5
Barnavernd Kópavogs	391	9,0	336	7,3	425	8,3
Fjölskylduráð Garðabæjar	120	2,8	165	3,6	172	3,4
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	478	11,0	515	11,2	540	10,6
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	226	5,2	255	5,6	268	5,2
Fjölskylduráð Grindavíkur	25	0,6	36	0,8	42	0,8
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	153	3,5	99	2,2	115	2,3
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	86	2,0	103	2,2	147	2,9
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	97	2,2	99	2,2	74	1,5
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	42	1,0	57	1,2	65	1,3
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	19	0,4	41	0,9	30	0,6
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	76	1,8	74	1,6	68	1,3
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	6	0,1	4	0,1	3	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	5	0,1	19	0,4	11	0,2
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	41	0,9	33	0,7	33	0,6
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	19	0,4	11	0,2	16	0,3
Barnaverndarnefnd Útey	15	0,3	34	0,7	44	0,9
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	216	5,0	262	5,7	268	5,2
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	33	0,8	30	0,7	49	1,0
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	31	0,7	17	0,4	26	0,5
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	29	0,7	39	0,9	47	0,9
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	19	0,4	20	0,4	32	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	79	1,8	62	1,3	84	1,6
Velferðarnefnd Árnesþings	26	0,6	47	1,0	53	1,0
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	33	0,8	55	1,2	37	0,7
Fjölsk- og tómstráð Vestmannaeyja	61	1,4	147	3,2	130	2,5
<b>Samtals</b>	<b>4.344</b>	<b>100,0</b>	<b>4.596</b>	<b>100,0</b>	<b>5.114</b>	<b>100,0</b>

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.246	51,7	2.497	54,3	2.864	56,0
Stúlkur	2.071	47,7	2.068	45,0	2.196	42,9
Ekki vitað <sup>1</sup>	27	0,6	31	0,7	54	1,1
<b>Samtals</b>	<b>4.344</b>	<b>100,0</b>	<b>4.596</b>	<b>100,0</b>	<b>5.114</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	3.093	71,2	3.155	68,6	3.619	70,8
Landsbyggð	1.251	28,8	1.441	31,4	1.495	29,2
<b>Samtals</b>	<b>4.344</b>	<b>100,0</b>	<b>4.596</b>	<b>100,0</b>	<b>5.114</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um<sup>1</sup>

Barnaverndarnefnd	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.570	43,6	1.557	40,7	1.593	39,7
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	20	0,6	20	0,5	22	0,6
Barnavernd Kópavogs	341	9,5	300	7,9	356	8,9
Fjölskylduráð Garðabæjar	104	2,9	145	3,8	148	3,7
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	412	11,5	445	11,6	425	10,6
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	186	5,2	224	5,9	242	6,0
Fjölskylduráð Grindavíkur	24	0,7	34	0,9	37	0,9
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	130	3,6	82	2,1	106	2,6
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	68	1,9	88	2,3	127	3,2
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	71	2,0	87	2,3	66	1,6
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	30	0,8	52	1,4	59	1,5
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	19	0,5	41	1,1	30	0,7
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	60	1,7	65	1,7	59	1,5
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	5	0,1	4	0,1	3	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	5	0,1	19	0,5	11	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	38	1,1	32	0,8	29	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	18	0,5	10	0,3	14	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	15	0,4	34	0,9	43	1,1
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	194	5,4	226	5,9	236	5,9
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	26	0,7	27	0,7	45	1,1
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	30	0,8	16	0,4	20	0,5
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	28	0,8	35	0,9	45	1,1
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	15	0,4	19	0,5	25	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	77	2,1	58	1,5	78	1,9
Velferðarnefnd Árnesþings	26	0,7	43	1,1	51	1,3
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	32	0,9	48	1,3	35	0,9
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	53	1,5	112	2,9	106	2,6
<b>Samtals</b>	<b>3.597</b>	<b>100,0</b>	<b>3.823</b>	<b>100,0</b>	<b>4.011</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	1.876	52,1	2.095	54,8	2.268	56,5
Stúlkur	1.701	47,3	1.695	44,3	1.704	42,5
Ekki vitað <sup>1</sup>	20	0,6	33	0,9	39	1,0
<b>Samtals</b>	<b>3.597</b>	<b>100,0</b>	<b>3.823</b>	<b>100,0</b>	<b>4.011</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	2.515	69,9	2.555	66,8	2.671	66,6
Landsbyggð	1.082	30,1	1.268	33,2	1.340	33,4
<b>Samtals</b>	<b>3.597</b>	<b>100,0</b>	<b>3.823</b>	<b>100,0</b>	<b>4.011</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall<sup>1</sup></i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall<sup>1</sup></i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall<sup>1</sup></i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	2.553	71,0	2.828	74,0	2.890	72,1
Drengir	1.294	50,7	1.518	53,7	1.604	55,5
Stúlkur	1.238	48,5	1.294	45,8	1.260	43,6
Ekki vitað <sup>2</sup>	21	0,8	16	0,6	26	0,9
Þar af nýjar kannanir	1.415	39,3	1.488	38,9	1.458	36,4
Drengir	707	49,9	770	51,7	772	53,0
Stúlkur	693	49,0	712	47,8	667	45,7
Ekki vitað <sup>2</sup>	15	1,1	6	0,4	19	1,3

<sup>1</sup>Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>1.679</b>	<b>38,7</b>	<b>1.853</b>	<b>40,3</b>	<b>1.999</b>	<b>39,1</b>
<i>Drengir</i>	841	19,4	976	21,2	1.068	20,9
<i>Stúlkur</i>	838	19,3	877	19,1	931	18,2
Líkamleg vanræksla	96	2,2	123	2,7	111	2,2
<i>Drengir</i>	53	1,2	76	1,7	77	1,5
<i>Stúlkur</i>	43	1,0	47	1,0	34	0,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.337	30,8	1.500	32,6	1.703	33,3
<i>Drengir</i>	673	15,5	788	17,1	890	17,4
<i>Stúlkur</i>	664	15,3	712	15,5	813	15,9
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	512	11,8	475	10,3	549	10,7
<i>Drengir</i>	260	6,0	235	5,1	281	5,5
<i>Stúlkur</i>	252	5,8	240	5,2	268	5,2
Vanræksla varðandi nám	97	2,2	162	3,5	105	2,1
<i>Drengir</i>	50	1,2	92	2,0	54	1,1
<i>Stúlkur</i>	47	1,1	70	1,5	51	1,0
Tilfinningaleg vanræksla	212	4,9	198	4,3	161	3,1
<i>Drengir</i>	101	2,3	101	2,2	96	1,9
<i>Stúlkur</i>	111	2,6	97	2,1	65	1,3
<b>Ofbeldi</b>	<b>1.152</b>	<b>26,5</b>	<b>1.276</b>	<b>27,8</b>	<b>1.307</b>	<b>25,6</b>
<i>Drengir</i>	518	11,9	594	12,9	643	12,6
<i>Stúlkur</i>	634	14,6	682	14,8	664	13,0
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	588	13,5	817	17,8	771	15,1
<i>Drengir</i>	274	6,3	380	8,3	403	7,9
<i>Stúlkur</i>	314	7,2	437	9,5	368	7,2
Þar af heimilisofbeldi	302	7,0	369	8,0	394	7,7
<i>Drengir</i>	133	3,1	175	3,8	203	4,0
<i>Stúlkur</i>	169	3,9	194	4,2	191	3,7
Líkamlegt ofbeldi	275	6,3	293	6,4	336	6,6
<i>Drengir</i>	162	3,7	172	3,7	197	3,9
<i>Stúlkur</i>	113	2,6	121	2,6	139	2,7
Kynferðislegt ofbeldi	269	6,2	181	3,9	215	4,2
<i>Drengir</i>	83	1,9	46	1,0	64	1,3
<i>Stúlkur</i>	186	4,3	135	2,9	151	3,0




<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>1.486</b>	<b>34,2</b>	<b>1.433</b>	<b>31,2</b>	<b>1.763</b>	<b>34,5</b>
<i>Drengir</i>	895	20,6	926	20,1	1.155	22,6
<i>Stúlkur</i>	591	13,6	507	11,0	608	11,9
Neysla barns á vímuefnum	270	6,2	243	5,3	263	5,1
<i>Drengir</i>	168	3,9	137	3,0	155	3,0
<i>Stúlkur</i>	102	2,3	106	2,3	108	2,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	531	12,2	520	11,3	708	13,8
<i>Drengir</i>	255	5,9	301	6,5	398	7,8
<i>Stúlkur</i>	276	6,4	219	4,8	310	6,1
Afbrot barns	382	8,8	354	7,7	428	8,4
<i>Drengir</i>	256	5,9	265	5,8	321	6,3
<i>Stúlkur</i>	126	2,9	89	1,9	107	2,1
Barn beitir ofbeldi	223	5,1	224	4,9	245	4,8
<i>Drengir</i>	184	4,2	175	3,8	212	4,1
<i>Stúlkur</i>	39	0,9	49	1,1	33	0,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	116	2,7	138	3,0	168	3,3
<i>Drengir</i>	55	1,3	78	1,7	100	2,0
<i>Stúlkur</i>	61	1,4	60	1,3	68	1,3
<b>Heilsa eða líf ófædds barns í hættu</b>	<b>27</b>	<b>0,6</b>	<b>34</b>	<b>0,7</b>	<b>45</b>	<b>0,9</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>4.344</b>	<b>100,0</b>	<b>4.596</b>	<b>100,0</b>	<b>5.114</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>204</b>	<b>100,0</b>	<b>256</b>	<b>100,0</b>	<b>181</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	94	46,1	127	49,6	96	53,0
<i>Stúlkur</i>	110	53,9	129	50,4	80	44,2
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	0	0,0	0	0,0	5	2,8

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga



## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	24	0,6	24	0,5	34	0,7
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	250	5,8	221	4,8	221	4,3
Nágrannar	244	5,6	330	7,2	294	5,7
Önnur barnaverndarnefnd	75	1,7	72	1,6	91	1,8
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	126	2,9	143	3,1	138	2,7
Lögregla	1.813	41,7	1.904	41,4	2.209	43,2
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	603	13,9	686	14,9	736	14,4
Leikskóli/gæsluforeldri	88	2,0	155	3,4	126	2,5
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	458	10,6	398	8,7	479	9,4
Foreldrar barns	353	8,1	326	7,1	365	7,1
Aðrir	310	7,1	337	7,3	421	8,2
<b>Samtals</b>	<b>4.344</b>	<b>100,0</b>	<b>4.596</b>	<b>100,0</b>	<b>5.114</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	14	18,8	14	20,6	18	23,7
Önnur meðferðarheimili*	11	17,4	13	19,1	12	15,8
MST	44	63,8	41	60,3	46	60,5
<b>Samtals</b>	<b>69</b>	<b>100,0</b>	<b>68</b>	<b>100,0</b>	<b>76</b>	<b>100,0</b>

\* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

### Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	6	42,8	8	57,1	10	55,6
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	4	28,6	4	28,6	2	11,1
Landsbyggð	4	28,6	2	14,3	6	33,3
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>100,0</b>	<b>14</b>	<b>100,0</b>	<b>18</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	6	54,5	5	38,5	7	58,3
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	4	36,4	5	38,5	4	33,3
Landsbyggð	1	9,1	3	23,1	1	8,3
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>100,0</b>	<b>13</b>	<b>100,0</b>	<b>12</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	20	45,5	11	26,8	18	39,1
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	8	18,2	14	34,2	14	30,4
Eldra þjónustusvæði <sup>2</sup>	9	20,5	6	14,6	5	10,9
Nýtt þjónustusvæði <sup>3</sup>	7	15,9	10	24,4	9	19,6
<b>Samtals</b>	<b>44</b>	<b>100,0</b>	<b>41</b>	<b>100,0</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

<sup>2</sup> Þjónustusvæði MST náði yfir 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík, að frátalinni Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur

<sup>3</sup> Önnur svæði landsins en Reykjavík og þau sem tilgreind eru í skýringu 1 og 2, þjónustan hófst í febrúar 2015.

## Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	6	42,9	9	64,3	12	66,7
Stúlkur	8	57,1	5	35,7	6	33,3
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>100,0</b>	<b>14</b>	<b>100,0</b>	<b>18</b>	<b>100,0</b>

## Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	6	54,5	8	60,0	8	66,7
Stúlkur	5	45,5	5	40,0	4	33,3
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>100,0</b>	<b>13</b>	<b>100,0</b>	<b>12</b>	<b>100,0</b>

## Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	21	47,7	24	58,5	28	60,9
Stúlkur	23	52,3	17	41,5	18	39,1
<b>Samtals</b>	<b>44</b>	<b>100,0</b>	<b>41</b>	<b>100,0</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	41	58,6	45	60,8	63	75,0
Varanlegt	10	14,3	18	24,3	14	16,7
Styrkt	19	27,1	11	14,9	7	8,3
<b>Samtals</b>	<b>70</b>	<b>100,0</b>	<b>74</b>	<b>100,0</b>	<b>84</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	38	54,3	27	36,5	37	44,0
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	14	20,0	19	25,7	16	19,0
Landsbyggð	18	25,7	28	37,8	31	37,0
<b>Samtals</b>	<b>70</b>	<b>100,0</b>	<b>74</b>	<b>100,0</b>	<b>84</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	39	55,7	39	52,7	47	56,0
Stúlkur	31	44,3	35	47,3	37	44,0
<b>Samtals</b>	<b>70</b>	<b>100,0</b>	<b>74</b>	<b>100,0</b>	<b>84</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu sex mánuðir 2015	Fyrstu sex mánuðir 2016	Fyrstu sex mánuðir 2017
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	136	111	124
a. Skýrslutökur <sup>1</sup>	71	55	50
Vegna kynferðislegs ofbeldis	47	25	28
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	24	30	22
b. Könnunarviðtöl	65	56	74
Þar af við fylgdarlaus börn <sup>2</sup>	-	6	8
Greiningar- og meðferðarviðtöl	65	71	66
Læknisskoðanir	7	2	2

<sup>1</sup> Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu.

Barnahúss í einu tilviki á árinu 2017 til þess að taka skýrslu af barni.

<sup>2</sup> Skýrslutökur vegna fylgdarlausra barna hófust á árinu 2016.

### Kyn barna í Barnahúsi<sup>1</sup>

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	40	29,4	45	40,5	44	35,5
Stúlkur	96	70,6	66	59,5	80	64,5
<b>Samtals</b>	<b>136</b>	<b>100,0</b>	<b>111</b>	<b>100,0</b>	<b>124</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Lokuð deild á Stuðlum

### Lokuð deild á Stuðlum

	Fyrstu sex mánuðir 2015	Fyrstu sex mánuðir 2016	Fyrstu sex mánuðir 2017
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	87	99	118
Vistunardagar: Neyðarvistun (25. eða 31. gr.bvl.)	562	543	723
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	75	0	88
Fjöldi einstaklinga	50	58	58

### Kyn barna á lokaðri deild Stuðla

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	26	52,0	41	70,7	39	67,2
Stúlkur	24	48,0	17	29,3	19	32,8
<b>Samtals</b>	<b>50</b>	<b>100,0</b>	<b>58</b>	<b>100,0</b>	<b>58</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu sex mánuðir 2015		Fyrstu sex mánuðir 2016		Fyrstu sex mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	17	63,0	17	50,0	14	51,9
Vesturland	1	3,7	3	8,8	1	3,7
Vestfirðir	1	3,7	0	0,0	0	0,0
Norðurland	1	3,7	8	23,5	1	3,7
Austurland	0	0,0	1	2,9	1	3,7
Suðurland	2	7,4	4	11,9	6	22,2
Reykjanes	4	14,8	0	0,0	3	11,1
Fólk búsett erlendis	1	3,7	1	2,9	1	3,7
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>	<b>34</b>	<b>100,0</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.